



Til forsætisnefndar

Kópavogi, 8. september 2021
1905485/240.00 SP

Efni: Tillaga að breytingum á bæjarmálasamþykkt, erindisbréfi lista- og menningarráðs og stofnskrám menningarhúsa

Á fundi lista- og menningarráðs þann 11. febrúar 2021 var óskað eftir áliti og tillögum til úrbóta frá lögfræðideild vegna menningarhúsa Kópavogs, en í ráðinu höfðu verið umræður um endurskoðun á stofnskrám menningarhúsanna og erindisbréfs ráðsins. Minnisblað lögfræðideildar var lagt fram á fundi lista- og menningarráðs þann 28. maí 2021 og var því svo vísað til forsætisnefndar. Á fundi forsætisnefndar þann 16. júní 2021 var lögfræðideild falið að yfirfara erindisbréf lista- og menningarráðs í ljósi fyrirbyggjandi minnisblaðs og gera tillögur að breytingum til samræmis við það. Hér á eftir koma tillögur til breytinga.

1. Tillaga að breytingu á bæjarmálasamþykkt Kópavogsbæjar

Lagt er til að 14. tölul. B-liðar 47. gr. breytist þannig:

- Í stað orðsins „Stjórnin“ í 2. málsl. kemur „Nefndin“.
- Orðið „„ Tónlistarsafns Íslands“ fellur brott.
- Á eftir „Náttúrufræðistofu Kópavogs“ kemur „„ Héraðsskjalasafns Kópavogs“.

2. Tillaga að breytingu á erindisbréfi lista- og menningarráðs Kópavogsbæjar

Lagt er til að 9. gr. erindisbréfs fyrir lista- og menningarráð falli brott og í staðinn komi eftirfarandi ákvæði:

Hlutverk lista- og menningarráðs er að fara með og sinna stefnumörkun í menningarmálum og vera ráðgefandi til bæjarráðs um þau mál.

Lista- og menningarráð fer enn fremur með málefni stofnana sem starfa að menningarmálum í Kópavogi, þ.e.a.s. Bókasafns Kópavogs, Gerðarsafns, Héraðsskjalasafns Kópavogs, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Salarins og lista- og menningarsjóðs.

Lagt er til að 10. gr. erindisbréfs fyrir lista- og menningarráð falli brott og í staðinn komi eftirfarandi ákvæði:

Hlutverk og verkefni ráðsins eru m.a. að:

- Gera tillögu til bæjarráðs um menningarstefnu Kópavogsbæjar.
- Hafa eftirlit með rekstri málaflokksins og að samþykktum og stefnumörkum Kópavogsbæjar sé framfylgt á verksviði ráðsins.



3. Hafa eftirlit með framkvæmd starfssamninga Kópavogsbæjar við lykilaðila í menningarlífi bæjarins.
4. Vinna að eflingu menningarstarfsemi í Kópavogi í samræmi við menningarstefnu bæjarins með því m.a. að virkja menningarstofnanir, örva listræna sköpun og gefa almenningi tækifæri til að njóta listar og menningar.
5. Veita styrki til menningarstarfs í Kópavogi úr lista- og menningarsjóði Kópavogs.
6. Velja bæjarlistamann og heiðurslistamann Kópavogs.
7. Skipa ráðgjafanefnd Gerðarsafns að fengnum tilnefningum.
8. Gera tillögu til bæjarráðs um staðsetningu hvers konar listaverka í opinberu rými að fenginni umsögn Gerðarsafns, skipulagsráðs og umhverfis- og samgöngunefndar.
9. Taka ákvörðun um listaverkakaup að fengnum tillögum ráðgjafanefndar Gerðarsafns í samræmi við fjárheimildir úr lista- og menningarsjóði.
10. Önnur þau verkefni sem bæjarráð felur ráðinu.

Lagt er til að við ákvæði 2. mgr. 13. gr. erindisbréfs lista- og menningarráðs bætist við eftirfarandi:

Lista- og menningarráð kemur ákvörðunum sínum og stefnumótun í framkvæmd með formlegum samþykktum á lögætum fundum.

3. Tillaga að breytingu á samþykkt fyrir Bæjarskjalasafn Kópavogs (Héraðsskjalasafn), dags. 28. nóvember 2006

Lagt er til að 4. gr. samþykktar fyrir Bæjarskjalasafn Kópavogs (Héraðsskjalasafn) falli brott og í staðinn komi eftirfarandi ákvæði:

Stjórn bæjarskjalasafnsins skal skipuð í samræmi við bæjarmálasamþykkt. Um hlutverk stjórnar fer samkvæmt bæjarmálasamþykkt, erindisbréfi og viðeigandi reglum.

Lagt er til að 6. gr. samþykktarinnar falli brott.

Athuga skal að breytingar á samþykkt fyrir Bæjarskjalasafn þarf að leggja fyrir þjóðskjalavörð.

4. Tillaga að breytingu á stofnskrá fyrir Náttúrufræðistofu Kópavogs, dags. 7. nóvember 2013.

Lagt er til að 6. gr. stofnskrárinnar falli brott og í staðinn komi eftirfarandi ákvæði:

Stjórn Náttúrufræðistofu skal skipuð í samræmi við bæjarmálasamþykkt. Um hlutverk stjórnar fer samkvæmt bæjarmálasamþykkt, erindisbréfi og viðeigandi reglum.

Lagt er til að 7. gr. breytist þannig:

Eftirfarandi fellur brott: „, fer með fjármálaleg samskipti fyrir hönd ráðsins“.

5. Tillaga að breytingu á stofnskrá fyrir Listasafn Kópavogs-Gerðarsafn, dags. 3. október 2013.

Lagt er til að 2. gr. falli brott og í staðinn komi eftirfarandi ákvæði:

Tekjur safnsins eru fjárveitingar úr bæjarsjóði aðrar tekjur sem safnið hefur, s.s. aðgangseyrir, tekjur af rekstri safnverslunar, leigutekjur auk styrkja frá opinberum aðilum. Allur arður af starfseminni renni til safnsins sjálfs. Safnið er ekki rekið í hagnaðarskyni.



Lagt er til að 4. gr. stofnskrárinnar breytist þannig:

Ákvæði 3. málsl. 4. gr. fellur brott.

Lagt er til að 5. gr. stofnskrárinnar breytist þannig:

Orðið „skólaæsku“ í 3. tölul. fellur brott og í stað þess kemur orðið „nemendum“.

Ákvæði 4. tölul. fellur brott og í staðinn kemur: „Listasafn Kópavogs-Gerðarsafn skal hafa umsjón og eftirlit með listaverkum í eigu bæjarins í stofnunum og opinberu rými.“

Orðið „sviðsstjóra stjórnsýslusviðs“ í 4. tölul. fellur brott og í stað þess kemur orðið „forstöðumann menningarmála“

Ákvæði 3. tölul. færast efst og verður 1. tölul. Aðrir tölul. uppfærast í samræmi við það.

Lagt er til að 6. gr. stofnskrárinnar falli brott og í staðinn komi eftirfarandi ákvæði:

Stjórn Listasafns Kópavogs-Gerðarsafns skal skipuð í samræmi við bæjarmálasamþykkt. Um hlutverk stjórnar fer samkvæmt bæjarmálasamþykkt, erindisbréfi og viðeigandi reglum.

Lagt er til að 7. gr. stofnskrárinnar breytist þannig:

- Orðin „og leggur hana fyrir lista- og menningarráð“ í 2. málsl. falli brott.
- Orðin „fer með fjármálaleg samskipti fyrir hönd ráðsins,“ 3. málsl. falli brott.
- Ákvæði 4. málsl. fellur brott.
- Í ákvæði 5. málsl. kemur orðið „Forstöðumaður“ í stað orðsins „Hann“.
- Lokamálsl. fellur brott og í staðinn kemur: „Forstöðumaður, ásamt ráðgjafanefnd Gerðarsafns, gerir tillögur um kaup listaverka í samræmi við fjárheimildir úr lista- og menningarsjóði. Forstöðumaður, ákveður sýningardagskrá.“

6. Tillaga að breytingu á stofnsamningi fyrir félagið Tónlistarhús Kópavogs (Salinn)

Lagt er til að 5. gr. stofnsamningsins falli brott og í staðinn komi eftirfarandi ákvæði:

Stjórn félagsins skal skipuð í samræmi við bæjarmálasamþykkt. Um hlutverk stjórnar fer samkvæmt bæjarmálasamþykkt, erindisbréfi og viðeigandi reglum.

Lagt er til að 6. – 10. gr. og stofnsamningsins falli brott.

Lagt er til að 17. gr. stofnsamningsins breytist þannig:

Í stað orðanna „Stjórn félagsins ræður“ kemur „Ráða skal“.

Athuga skal að stofnaðilar þurfa að samþykkja breytingar á stofnsamningi félagsins.

Virðingarfyllt,

Salvör Þórisdóttir
Lögfræðingur

